

Spurt og svarað á landeigendafundi vegna friðlýsingar Látrabjargs í Reykjavík, 8.12 og á Patreksfirði 16.12 2015

Hver er munur á friðlýsingarskilmálum og verndaráætlun?

Friðlýsingarskilmálar eru lagalega bindandi reglur sem settar eru um svæðið, gilda og afmarka réttarstöðu allra. Friðlýsingarskilmálar eru gerðir með það í huga að þeir standi í mjög langan tíma og fyrirsjáanleiki mjög mikilvægur. Til að friðlýsingarskilmálar taki gildi verða allir landeigendur að samþykkja þá. Friðlýsingarskilmálar eru mjög mismunandi og hafa þróast í gegnum tíðina. Í tengslum við Látrabjarg er stefnt að því að vinna ítarlega friðlýsingarskilmála.

Verndaráætlun er stefna sem sett er á grundvelli friðlýsingarskilmálanna. Í þeim koma fram þær aðgerðir sem ætlunin er að ráðast í á svæðinu á næstu 5 eða 10 árum.

Þurfa allir landeigendur að samþykkja friðlýsingu? Hvenær er ákvörðun tekin?

Samkvæmt núverandi lagaumhverfi þurfa allir landeigendur að samþykkja friðlýsingu.

Ákvörðun er tekin þegar allir eru tilbúnir að skrifa undir.

Þegar friðlýsingarskilmálar liggja fyrir ásamt samþykki landeigenda er málið sent til ráðherra sem tekur ákvörðun um friðlýsingu.

Hvað þarf svæðið að vera stórt?

Í lögum eru ekki sett nein mörk um hversu stórt svæði þarf að vera. Fram hafa komið hugmyndir um að svæðið verði friðlýst sem þjóðgarður og þá þarf svæðið að ná sæmilegri stærð. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er fremur lítill þjóðgarður.

Það sem er mikilvægt er að ná fram verndun fuglastofna, landslagsvernd og góðri stjórnunareiningu.

Hvernig verður landvörslu á svæðinu hagað?

Við gerð verndaráætlunar er gerð áætlun um hversu mikla landvörslu þarf á svæðinu, en þegar allt kemur til alls er fjöldi landvarðavikna alltaf spurning um fjármagn.

Best er að svæðin séu byggð þannig upp að aðeins sé þörf á lágmarks landvörslu.

Á undanförunum árum hefur fjármagn til landvörslu aukist. Landvarsla í þjóðgördum er almennt meiri en á öðrum friðlýstum svæðum.

Hverjir eru kostir og gallar friðlýsingar? Hverju eru menn að fórna, ef einhverju, og hver er ávinningurinn?

Fórnarkostnaðurinn fer eftir því hvaða reglur verða settar um hið friðlýsta svæði. Friðlýsing er skuldbinding til framtíðar og ekki hægt að taka nýjar og nýjar ákvarðanir. Friðlýsing er binding í ákveðna vegferð. Sumum finnst það vera fórnarkostnaður en öðrum þykir það vera ávinningur að mótuð hafi verið skýr sýn til framtíðar.

Bent á skjal „Spurt og svarað“ sem er á svæði Látrabjargs á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Tekur verndaráætlun eða friðlýsingin á því hvernig fjármagni er varið og forgangsroðun framkvæmda?

Í friðlýsingarskilmálum eru stóru línurnar lagðar, en í verndaráætlun einstakar framkvæmdir.

Í verndaráætlun er aðgerðum forgangsraðað og þær skipulagðar.

Forgangsroðun er í samræmi við þá fjármuni sem fást á hverjum tíma.

Hvernig verður tekið á ólíkum hagsmunum ferðaþjónustuaðila og annarra landeigenda?

Ef friðlýsingaskilmálar verða samþykktir kemur þetta fram þar, t.d. varðandi fjöldatakmörkun.

Ef gjaldtaka, hvernig framkvæmd og hvernig verður fjármagni skipt?

Ríkið hefur ekki sett sér stefnu um gjaldtöku á svæðum. Heimilt er nú samkvæmt lögum að taka þjónustugjald sem fer til reksturs svæðisins.

Dæmi um hugmyndir um gjaldtöku á Dynjanda þar sem komið hefur til tals að taka gjald fyrir notkun á salernum eða bílastæðum.

Kemur til greina að aðgangsstýra, t.d. með því að takmarka beinan aðgang einkabíla?

Það er ekkert sem kemur í veg fyrir aðgangsstýringu, en til þess þarf góða innviði. Ekki má gleyma að ferðamenn eru af mörgum gerðum og mikilvægt er að hafa gott aðgengi fyrir alla.

Hver er staðan á færslu vegarins á Látrum?

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er boltinn hjá landeigendum varðandi færsluna á veginum.

Hvernig má búast við að tekið verði á salernismálum?

Salerni í þjóðgördum eru almennt í umsjón ríkisins. Salerni á öðrum friðlýstum svæðum eru ýmist í umsjón ríkisins, sveitarfélags eða samningur gerður við einkaaðila.

Þurfa skemmtiferðaskip leyfi til að setja fólk í land?

Lög um almannarétt gilda einnig um farþega úr skemmtiferðaskipum. Almennt þurfa skemmtiferðaskip ekki leyfi til að setja fólk í land nema samkvæmt þeim takmörkunum sem sett eru fram í lögum um almannarétt. Á friðlýstum svæðum er hægt að setja reglur um aðgang almennings in á svæðin. Dæmi úr friðlýsingarskilmálum um náttúruvættið Dynjanda „*Umferð um hið friðlýsta svæði er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur er óheimill utan vegar. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar*“.

Hvað telur Umhverfisstofnun vera brýnustu verkefni og mesta ávinning af því að friðlýsa?

Látrabjarg er á lista yfir alþjóðleg mikilvæg fuglasvæði (Important Bird and Biodiversity Area „IBA“) og hefur því alþjóðlegt náttúruverndargildi. Ágangur ferðamanna á náttúru og lífríki svæðisins hefur aukist umtalsvert á undanförunum árum. Brýnustu verkefni er að vernda svæðið fyrir ágangi með því að koma á stýringu á umferð ferðamanna um svæðið, þ.e. að gera göngustíga og áningastaði, setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti og afmarka svæði sem ekki á að ganga um. Mikilvægt er að útbúa umgengisreglur um svæðið, gera öryggisáætlun og áætlun um hvernig á að vernda svæðið. Bæta þarf salernisþjónustu.

Ávinningur með friðlýsingu er verndun svæðisins gegna ágangi ferðamanna.

Hvað telur Umhverfisstofnun að þurfi að friðlýsa umfram það sem friðlýst er nú þegar?

Nú er ekkert friðlýst á svæðinu, svæðið er á náttúruuminjaskrá og friðlýstar fornminjar eru innan svæðisins, en það flokkast ekki sem friðlýsing samkvæmt lögum um náttúruvernd líkt og nú er rætt um.

Hefur komið til tals að loka svæðinu á ákveðnum tímum?

Dæmi er um friðlýst svæði sem eru lokuð á ákveðnum tíma vegna fuglavarps. Ekkert er því til fyrirstöðu að loka hluta svæðisins á ákveðnum tímum, en hafa verður í huga að verði svæðið friðlýst sem þjóðgarður er eitt af markmiðunum að bjóða fólk velkomið, en fólk er skilt að fylgja þeim reglum sem gilda innan hvers þjóðgarðs. Umræður um slíkt færu fram við undirbúning friðlýsingarskilmála.

Hvað gerist ef sagt er já við friðlýsingu og hvað gerist ef sagt er nei?

Ef ákveðið er að halda áfram undirbúningi við friðlýsingu verður vinnu við gerð friðlýsingaskilmála og verndaráætlunar fyrir svæðið haldið áfram, ásamt því að landvarsla og uppbygging verður á svæðinu. Vesturbyggð kannar nú möguleika á því að styðja við landvörslu á Látrabjargi verði viðræðum um friðlýsingu haldið áfram. Verði svæðið friðlýst sem þjóðgarður fylgir því ákveðin staða og svæðið verður lagalega viðurkennt sem mikilvægt svæði. Reynslan hefur sýnt að auðveldara getur reynst að útvega fjármagn til uppbyggingar og reksturs þjóðgarða en annarra tegunda friðlýstra svæða. Uppbygging og rekstur þjóðgarðs mun vera í samræmi við friðlýsingaskilmála og verndaráætlun.

Verði sagt nei við friðlýsingu verður verndun og uppbygging á vegum ríkis og sveitarfélags á svæðinu ekki haldið áfram. Svæðið verður þá á ábyrgð landeigenda.

Hvernig er fyrirkomulag samþykkis landeigenda?

Allir landeigendur fá senda yfirlýsingu þar sem fram koma þær reglur sem gilda munu á friðlýsta svæðinu. Með undirritun yfirlýsingarinnar samþykkir viðkomandi landeigandi þær reglur sem um svæðið gilda og þau mörk sem sett eru.